

Sp.

34. Tillaga til þingsályktunar

[34. mál]

um þriggja ára áætlun um ferðamál.

Flm.: Björn Jónsson, Eysteinn Jónsson, Jón Árm. Héðinsson,
Steingrímur Pálsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að gerð verði þriggja ára áætlun um ferðamál. Stefni áætlunin að því að margfalda ferðamannastraum til landsins á áætlunartímabilinu og skapa sem traustastan grundvöll að því að gera Ísland að miklu ferðamannalandi. Áætlunin miðist við, að þetta verði gert með því að bæta á skipulegan hátt öll skilyrði til að veita auknum ferðamannaströumi alla nauðsynlega þjónustu, að því, að gerðar verði hvers konar hagkvæmar ráðstafanir til að opna leiðir að hinni ósnortnu náttúru landsins fyrir erlenda sem innlenda ferðamenn, og að því að byggja fjárhagslega traustar undirstöður að ferðamannaþjónustu, þannig að hér geti orðið um mikilvæga og hraðvaxandi atvinnugrein og gjaldeyrisgjafa að ræða.

Áætnargerðin skal falin nefnd manna, er sé skipuð samkvæmt tilnefningu ferðamálaráðs, Félags íslenzkra ferðaskrifstofa, Búnaðarfélags Íslands, Verzlunarráðs Íslands, Félags áhugamanna um fiskrækt, Sambands veitinga- og gistihúsaeygenda, Ferðafélags Íslands og Alþýðusambands Íslands. Formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar.

Stefnt skal að því, að nefndin ljúki störfum það snemma á næsta ári, að áætlunin geti legið fyrir á því Alþingi, sem nú situr, og komið til byrjunarframkvæmda þegar á næsta ári.

Greinargerð.

Varla þarfnast sú skoðun rökstuðnings, að Ísland uppfylli margvísleg skilyrði til þess að geta orðið mikið ferðamannaland. Kemur þar margt til: Stórbrotin náttúrufegurð, hvert sem opnum augum er litið, heilnæmt loftslag, ósnortin víðáttu öræfa, fjalla og jökla, ótölulegur fjöldi fiskgengra stöðuvatna og fallvatna, hverir, eldfjöll og fjölda margt annað, sem erlendum mönnum er framandi og til þess er fallið að vekja áhuga þeirra, síðast, en ekki sízt, sú staðreynd, að meginhluti landsins er óbyggður, eins konar risavaxinn þjóðgarður, sem náttúra landsins ein hefur snortið og mótað og fáir einir hafa kynnt og lært að meta að fullu.

Hér er vafalaust um að ræða eina mestu þjóðarauðlegð okkar Íslendinga í tvennum skilningi. Fyrst þeim, að hin stórbrotna náttúra landsins hefur mótað sögu okkar og erfðir og er því nátengd þjóðinni og hverjum einstaklingi hennar. Í annan stað þeim, að ef rétt er á haldið, getur hér verið um að ræða sterka stoð undir efnahagslega afkomu og efnahagslegt öryggi þjóðarinnar. En þetta hvort tveggja leggur okkur á herðar þá skyldu að verja og vernda þessa þjóðarauðlegð og aðhafast ekkert það, sem geti spillt henni eða skert hana.

Allar þjóðir, jafnt hinar auðugustu sem hinar fátækari, hafa um langan aldur lagt þunga áherzlu á að laða til sín ferðamenn af fjárhagslegum og atvinnulegum ástæðum, og mjög víða er móttaka og þjónusta við ferðamenn meðal stærstu atvinnugreina. Sem dæmi má nefna, að í Bretlandi er ferðamannaþjónustan þriðja stærsta atvinnugreinin, og í Sviss kemur hún næst iðnaðinum að umfangi, en miklu víðar ræður hún úrslitum um þjóðarafkomu og þá ekki sízt gjaldeyrisbúskap.

Við Íslendingar stöndum nú — og munum gera í vaxandi mæli næstu áratugin — frammi fyrir því mikla verkefni að sjá sífellt stækkandi árgöngum ört vaxandi þjóðar fyrir atvinnu og afkomu við þjóðhagslega hagkvæm störf. Þetta verkefni er þeim mun vandasamara sem fullvísara er, að framleiðslutækni fleygir fram og hlutfallsleg fækkun verður í atvinnugreinunum, miðað við framleiðslumagn. Til þess að leysa þetta verkefni þarf víða að leita fanga og af hugkvæmni: efla með skipulegum

hætti okkar hefðbundnu atvinnugreinar, sjávarútveg, landbúnað og iðnað, smáan sem stóran. En við þurfum einnig að þróa þjónustugreinar atvinnulífsins á sem hagkvæmasta hátt og þá ekki sízt þær, sem samkvæmt eðli sinu eru þjóðhagslegt jafngildi framleiðslugreina, afla gjaldeyris og stuðla þannig að efnalegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Hér ber fyrst að nefna til allt, er lýtur að móttöku og fyrirgreiðslu fyrir ferðamenn, og hefur áður verið minnt á þá miklu möguleika, sem frá náttúrunnar hendi eru til staðar fyrir því, að hér geti orðið um að ræða umfangsmikla atvinnugrein. Reyndin er hins vegar sú, að þróun þessarar atvinnugreinar hefur orðið miklu hægari en efni standa til. Beinir gjaldeyristekjur þjóðarinnar vegna ferðamála eru nú aðeins um 300 millj. kr. á ári eða knapplega sú upphæð, sem Íslendingar sjálfir verja til ferðalaga erlendis á ári hverju. Ætti þetta að verða okkur sérstakt ihugunarefni nú, þegar gjaldeyrisafkoma þjóðarinnar er orðið ógnvekjandi vandamál. En flestra manna mál er það, þeirra er bezt skyn bera á, að ekki mundi torvelt að margfalda af-rakstur þessarar tekjulindar, ef rétt yrði við brugðizt og nauðsynlegum grundvallarskilyrðum fullnægt.

Ekki skal hér fjölyrt um né fullyrt, hverjar ráðstafanir þurfi hér fyrst og fremst til að koma né hversu hagkvæmast yrði að verki staðið, enda yrði tillögu-gerð um þau efni verkefni þeirrar nefndar, sem þáttill. gerir ráð fyrir að skipuð yrði. Flm. vilja þó benda á nokkur atriði, sem þeir telja að sköpun geti skipt:

1. Skipulögð landkynningar- og auglýsingastarfsemi á vegum ríkisins og þeirra aðila, sem mestra beinna hagsmuna hafa að gæta um þróun ferðamála.
2. Miklar samgöngubætur um óbyggðir landsins, sem auðveldi aðgang að náttúruundrum landsins og að veiðisvæðum öræfanna.
3. Hagkvæmar framkvæmdir í byggingu gistihúsa og veitingastaða og sumarhúsa í óbyggðum og við veiðivötn.
4. Stóraukin laxfiskarækt í ám og vötnum, ásamt vernd þeirra fiskstofna, sem fyrir eru.
5. Fjármagnsþörf í samræmi við markmið áætlunarinnar verði gaumgæfð og þá um leið möguleikar á erlendu lánsfjármagni til að hrinda henni í framkvæmd.
6. Aukin samvinna þeirra, sem í atvinnugreininni starfa, m. a. með tilliti til öflunar fjárfestingarfjármagns og nýtingar þess.

Flm. vilja að lokum benda á, að ör þróun Íslands sem ferðamannalands væri á margvíslegan hátt til þess fallin að styðja og efla aðrar greinar atvinnulífs þjóðarinnar, svo sem verzlun og iðnað, og mundi vafalaust einnig reynast drjúgur þáttur í því að styrkja sjávarútveg og landbúnað, kynna framleiðslu þessara atvinnugreina og greiða götu þeirra á erlendum mörkuðum.